



## Skýrsla afmælisnefndar FAAS

Nefnd sú sem skipuð var í tilefni 25 ára starfsafmælis FAAS 2010 hefur lokið störfum.

Í nefndinni sátu: Fulltrúar félagsmanna, Guðjón Brjánsson og Ásgeir M. Valdimarsson, formaður stjórnar FAAS, María Th. Jónsdóttir og eftir aðalfund 2010 tók nýkjörinn formaður FAAS, Fanney Proppé Eiríksdóttir sæti í nefndinni, Jón Snædal öldrunarlæknir, fulltrúi fagráðs FAAS, Erla Grétarsdóttir og Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri FAAS en hún var jafnframt formaður nefndarinnar.

Auk ýmissa smærri vinnufunda og netsamskipta, hittist nefndin 5 sinnum á starfstímanum.

Helstu viðfangsefni voru:

- 25 ára afmælisboð 14. mars 2010 þar sem allir formenn frá upphafi ásamt fleiri gestum komu saman. fyrsti formaður FAAS Gerður Pálmadóttir var heiðruð og ferð að fyrsta heiðursfélaga FAAS.
- Kynning á FAAS á norrænni öldrunarráðstefnu dagana 30. maí til 2. júní 2010
- Afmælisblað FAAS fréttu gefið út með breyttu sniði frá fyrri árum, auk þess sem blöðunum er fjölgað í tvö blöð á ári.
- Upplýsingum um sögu FAAS safnað saman og birt í afmælisblaði FAAS fréttu
- Unnið að leiðréttingum á félagaskrá, ma. með því að hringja til allra þeirra sem ekki hafa greitt félagsgjöld í meira en tvö ár og kanna hug þeirra til áframhaldandi félagsaðildar.
- Skipulögð Listasmiðja (bókmenntasmiðja) með Halldóru Arnardóttur, listfræðingi. Smiðjan verður unnin í ágúst 2011.
- Ráðstefnan 25. september 2010 sem var tvískipt: annars vegar hugmyndavinnu í þjóðfundarstíl um starfsemi FAAS og hins vegar fræðsluerindi. Yfir 100 manns sátu ráðstefnuna sem skilaði miklu fyrir alla þá sem tóku þátt.
- Unnið að íslenskri birtingu fræðsluþátta á DVD sem FAAS fékk að gjöf frá Antoni Þorsteinssyni lækni í Bandaríkjunum. Ekki er útséð á þessari stundu hvort það tekst.

Kærar þakkir til nefndarmanna fyrir gott samstarf og árangursrík störf.  
Svava Aradóttir, formaður afmælisnefndar FAAS